



Vetrarþjónusta á Ingjaldssandi

Snjómokstursreglur Ísafjarðarbæjar, samþykktar í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar 17.3.2016, gera ekki ráð fyrir neinni þjónustu við ábúendur á Ingjaldssandi. Vegur númer 624 yfir á Ingjaldssand er Héraðsvegur og því alfarið, skv. vegalögum nr. 80/2007, á ábyrgð Vegagerðar Ríkisins sem veghaldara.

Árið 2017 gerði forstöðumaður þjónustumiðstöðvar munnlegt samkomulag við Litlabýli guesthouse ehf. um ferðir á þriggja vikna fresti með farþega til og frá Sæbóli Ingjaldssandi. Fyrir hverja ferð á Ingjaldssand með farþega, árið 2017, innheimti Litlabýli guesthouse ehf. kr. 40.000,- með Vsk.

Ósk Búnaðarfélagsins Bjarma í samráði við Elísabetu Pétursdóttur, ábúanda á Sæbóli Ingjaldssandi, er að fundin verði lausn sem leysi takmarkaðar samgöngur á Ingjaldssand. Lagt er til að farnar verði tvær ferðir í mánuði, sex mánuði á ári, með vistir og eftir atvikum að ferja farþega.

Kostnaður við slíka þjónustu, verði hún keypt af Litlabýli guesthouse ehf., gæti því orðið kr. 160.000,- á mánuði eða kr. 960.000,- á ári með Vsk. Ólíklegt verður að teljast að björgunarsveitir geti boðið mikið betur.

Fjárhagsáætlun 2018, samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar 14. desember 2017, gerir ekki ráð fyrir kostnaði við vetrarsamgöngur á Ingjaldssand eða aðra staði þar sem búseta er afskekt.

Hjálagt: Afrit af reikningi frá Litlabýli guesthouse ehf.